



www.vorsteh.is

Ársskýrsla 2021

3 laus sæti voru í stjórn deildarinnar.

Eitt sæti til eins árs og 2 til tveggja ára. Gréta gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og bauð Óskar H Halldórsson sig fram í það og fékk lófaklapp fyrir.

Að auki buðu Guðni Stefánsson og Eiður Gísli Guðmundsson sig fram til stjórnarkjörs. Ekki bárust fleiri framboð til stjórnarsetu og voru því Óskar, Eiður og Guðni sjálfkjörin.

Got á árinu:

Snögghærður Vorsteh

ISCFtCh ISFtCh C.I.B Isch RW-17-18 NORDICCh Veiðimela Jökull / ISJCh Legacyk Got Milk „Oreo“ 1 Hvolpur rakki 23.07.2021

ISCh C.I.B ISCFtCh RW13 Heiðabergs Bylur von Greif / RW17 Rampen's Ubf Nina 11 hvolpar 10 April

Strýhærður Vorsteh

RW-21 ISJCh IceArtemis Askur / ISCH RW-17 C.I.B ISFtCH ISCFtCh Munkefjellets Mjöll 10 hvolpar 22 Okóber

N UCH C.I.B ISCh RW-18 ISFtCH GG Sef / Sansas Bejla 11 hvolpar 16 Maí

Nýir landnemar.

Á árinu 2021 voru fluttir inn 2 vorsteh hundar. Strýhærður Vorsteh hundur kom til landsins, G-Boss Jr av Brandseggsondre og var fluttur inn af IceArtemis ræktun og snögghærður Vorsteh Caput Altum Siba var fluttur inn af Zeldu ræktun.

Meistarar á árinu

Það voru margir nýjar meistara nafnbætur á síðsta ári.

Bendishunda Saga Þoka varð Íslenskur veiðimeistari (ISFtCh) og Íslenskur alhliðameistari (ISCFtCh)

Munkefjellets Mjöll varð Íslenskur veiðimeistari (ISFtCh) og Íslenskur alhliðameistari (ISCFtCh)

Ice Artemis Mjöllnir varð Íslenskur alhliðameistari (ISCFtCh)

Veiðimela Jökull Íslenskur veiðimeistari (ISFtCh) og Íslenskur alhliðameistari (ISCFtCh)

Heiðnabergs Bylur von Greif varð Íslenskur alhliðameistari (ISCFtCh)

Gyvel Varð ungliðameistari (isjch)

Ice Artemis askur ungliðameistari (isjch)

GG Sef varð Íslenskur alhliðameistari (ISCFtCh)

Veiðmela Bjn Orri varð íslenskur meistari (ISCh)

Þannig að það lengist enn í ættbókarnafninu hjá þessum flottu hundum.

Við óskum eigendum innilega til hamingju. Mikil vinna að baki þessum árangri.

Vorprófi Vorstehdeildar

Vorprófi Vorsteh deildarinnar var aflýst.

Sækipróf Vorstehdeildar

Sækipróf Vorstehdeildar var haldið þann 26. og 27. júní. Prófað var í unghundaflokki og opnum flokki.

Dómarar voru Unnur Unnsteinsdóttir og Guðni Stefánsson, einnig sem fulltrúi HRFÍ. Prófstjóri var Ólafur Ragnarsson.

Þátttaka var góð og voru eftirfarandi Vorsteh hundar sem fengu einkanir:

Belcando prófið 26. júní

Ice Artemis Askur 1.eink. BP

Hlaðbrekku Irma. 1.eink

Ice Artemis Dáð.1. eink. B.P.

Belcando prófið 27. Júní

Ice Artemis Askur 1.eink.

Hlaðbrekku Irma. 2.eink

Ice Artemis Dáð.1. eink.

Bendispróf Vorstehdeildar var haldið helgina 1 – 3 október.

Dómari Róbert Gill

Dómaranemi Einar Örn

Fulltrúi HRFÍ Guðjón Arinbjarnar

Prófstjóri Óskar Hafsteinn

Á föstudeginum var farið í grjótborgirnar niður af „Gumma Bogg stæðinu“ og Draumalandið.

Það var Kaldbaks Orka sem var sú eina sem fékk einkunn eftir daginn,

1. einkunn í OF, og við óskum Eyþóri innilega til hamingju með árangurinn

Á laugardaginn var farið upp í Skálafell.

Aðstæður voru erfiðar, mikill vindur og mikið af erfiðum fugli, en allir í góðum gir.

Allir hundar átti séns á fugli en enginn náði að landa einkunn.

Á sunnudag var farið á sama svæði og á föstudeginum.

Hundar og leiðendur voru að gera góða hluti og frábær stemning í hópnum.

Það náðist ein einkunn þennan daginn og það var Ásgeir Heiðar með Langlandsmpens Black Diamond sem

fékk 2. einkunn í OF. Við óskum þeim innilega til hamingju

Við viljum þakka keppendum innilega fyrir þátttökuna og gaman að sjá nýliðana gera góða hluti.

Einnig viljum við þakka styrktaraðilum Bendi og Vínnes innilega fyrir stuðninginn, án þeirra væri þetta ekki hægt.

Námskeiði

Það var engin fluttur inn til að halda námskeið 2021 en í staðinn heldum við Kynning á grunnþáttum í hlýðni. Skráning var góð og verður vonandi meira í boði 2022

Hlynur Þór Haraldsson látinn

Vinur okkar margra og vinur deildarinnar, Hlynur Þór Haraldsson lést á heimili sínu þann 2. september síðastliðinn í faðmi fjölskyldunnar eftir hetjulega og undir lokin erfiða baráttu við krabbamein.

Hlynur var um tíma í stjórn Vorstehdeildar og sinnti hann stjórnarstörfum af alúð og miklum áhuga. Hlynur hafði búið um tíma með fjölskyldu sinni í Noregi síðustu árin en flutti heim með fjölskyldunni fyrir jólin í fyrra.

Hlynur var einlægur aðdáandi Vorsteh hunda og átti hann þrjá slíka undir lokin. Þrátt fyrir að Hlynur væri hættur í stjórn var hann mjög bógóður ef stjórn leitaði hjálpar hans, bæði fyrir og eftir hans stjórnarsetu. Hann fór alltaf beint í verkefni sem hann tók að sér og kláraði þau fljótt og örugglega.

Við hjá Vorstehdeild sendum fjölskyldu Hlyns og aðstandendum, okkar innilegustu

Vinnuhundadeild

Vinnuhundadeildin hélt hlýðniprof um helgina í reiðskemmu Sprettara á Hattarvöllum.

Sex mættu í Bronsprófið og skemmst frá því að segja að Fjalltinda Freyr og Díana Sigurfinns urðu stigahæst.

Vel gert og til hamingju Vorsteh, bestur í heimi

Nýjar veiðiprófareglur og meistarareglur

Nú hafa veiðiprófareglur fyrir standandi fuglahunda sem deildir í tegundahópi 7 hafa unnið við að þýða úr norskum reglum um nokkurt skeið tekið gildi, einnig voru kynnt nýjar meistarareglur sem tóku gildi.

Stigahæstu hundar Vorstehdeildar 2021

Vorstehdeild hefur tekið saman stigahæstu hunda ársins í samræmi við gildandi reglur.

Unghundaflokkur: RW-21 ISJcH IceArtemis Askur

Opinn flokkur: Hlaðbrekku Irma

Keppnisflokkur: ISCH RW-17 C.I.B ISFtCH ISCFtCH Munkefjellets Mjöll

„Over all“: Hlaðbrekku Irma

Við óskum eigendum og leiðendum, Andreas Blesner, Stefán Marshall og Lárus Eggertsyni innilega til hamingju með flotta hunda. Þeir eru svo sannarlega vel að sigrinum komnir.
Vel gert !!

Vorsteheild þakkar styrktaraðilum deildarinnar kærlega fyrir stuðninginn, Bendir, Ljósasmiðjan, Belcando, Veidihúsið og síðast en ekki síst Famous Grouse.

Fyrir hönd stjórnar

Guðni Stefánsson.

